

þessarar, svo og önnur misnotkun ívilnunar sem veitt hefur verið samkvæmt ákvæðum hennar getur m. a. varðað við 63. og 67. gr. laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

Um meðferð mála vegna brota á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. laga nr. 46 30. maí 1984 um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum til að öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 10. desember 1984.*

F. h. r.

**Björn Hafsteinnsson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*

## LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Akraneskaupstað

Nr. 472

4. desember 1984

I. KAFLI

**Um reglu og velsæmi á almannafæri.**

1. gr.

Á almannafæri mega uppbót eða óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferðina eða til óþæginda fyrir viðstadda. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði sem almenningur fer um eða ætlað er til almenningsafnota, s. s. leikvelli, sölutorg, bryggjur, íþróttavelli, útivistarsvæði o. s. frv.

Um veitingastaði, almennar knattborðsstofur, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h., kvikmyndahús, leikhús og önnur samkomuhús gilda ákvæði samþykktar þessarar eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast á almannafæri, þ. á m. við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa eða annars staðar þar sem almenningur kemur saman skal fólk raða sér þannig að þeir sem fyrstir koma fái fyrst afgreiðslu og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að halda uppi röð og reglu.

3. gr.

Skipulagðar skrudgöngur, mótmæla- og kröfugöngur og útifundi ber að tilkynna til lögreglunnar og skulu þátttakendur hlýða fyrirmælum lögreglunnar svo að gæta megi góðrar reglu og umferðaröryggis.

4. gr.

Við sjúkrahús og elliheimili eða annars staðar á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja hátt eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur. Viðstadda eða þá sem búa í nágrenninu.

## 5. gr.

Enginn má að ástæðulausu berja á dyr að glugga húsa né heldur hringja dyrabjöllu, hringa í dyrasíma eða hafast neitt að sem ónáðar eða móðgar heimilisfólk eða veldur því ótta.

Bannað er að hafast að nokkuð það sem raskar næturró manna að óþörfu.

## 6. gr.

Á götum og vegum, eða þar sem hættu stafar af, má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hjólabrettum, skautum, sleðum eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hættu eða umferðartruflun geti hlotist af. Einnig er bannað að hanga í bifreiðum, dráttarvélum, vögnum eða öðrum farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau sleða reiðhjól eða annað sem óþægindum eða hættu getur valdið.

Lögreglustjóri getur heimilað skíða-, sleða- eða rennibrautir á alfaravegi og skulu þeir vegir sérstaklega merktir sem leik- eða sleðagötur. Þar mega ekki aðrir fara með ökutæki en íbúar gatnanna eða menn í erindum þeirra og skal þá ítrustu varúðar og tillitssemi gætt.

## 7. gr.

Hlaðnar byssur má ekki bera á götum bæjarins eða annars staðar á almannafæri. Byssur skal ávallt bera þannig að hlaupið snúi upp. Eigi má skjóta af byssu, riffli eða öðrum skotvopnum innan kaupstaðarmarka nema á sérstökum æfingasvæðum sem séu rækilega merkt og lögreglustjóri hafi samþykkt þau.

Á almannafæri má ekki kveikja í eldfimum efnnum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði er sérstaklega stendur á, s. s. um áramót.

Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra og ber bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni eða önnur slík eldfim efni má hvorki hafa í íbúðarhúsum né annars staðar þar sem hættu stafar af.

Sprengiefni má aðeins geyma á stöðum sem lögreglustjóri og slökkviliðsstjóri samþykkja.

Að öðru leyti vísast til laga og reglugerða um meðferð og notkun sprengiefna.

## 8. gr.

Bannað er að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri s. s. með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hlátt.

Lögreglustjóra er heimilt að banna samgang við erlend skip ef hann telur þess þörf til að halda uppi velsæmi og góðri reglu.

Slökkviliðsstjóri getur takmarkað samgang við skip sem flytja eldfim efni, s. s. olíuskip.

## 9. gr.

Menn, sem eru áberandi ölvadír eða undir sterkum áhrifum annarra vímuegja á almannafæri, skulu vistaðir í fangageymslum lögreglunnar telji hún slíkt heppilegt eða nauðsynlegt. Skulu þeir þá sæta refsiaðbyrgð skv. samþykkt þessari, áfengislögum eða öðrum vðeigandi lagafyrirmælum.

## 10. gr.

Óheimilt er að villa á sér heimildir og er hver sá, sem er staddur á almannafæri, skyldur að segja til nafns síns og heimilisfangs og sýna persónuskilríki ef lögreglan krefst þess.

## 11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða skipunum lögreglu sem gefnar eru til þess að stjórna umferð eða halda uppi góðri reglu á almannafæri.

Ef nauðsyn ber til getur lögregla krafid sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri. Heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það, eftir almennum reglum.

## 12. gr.

Enginn má, nema brýna nauðsyn beri til, taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti nema hafa til þess leyfi slökkviliðsstjóra og tæknideildar bæjarins.

## II. KAFLI

**Sala utan sölubúða, öryggi vegfarenda, frágangur bygginga og byggingasvæða.**

## 13. gr.

Óheimilt er að stunda á almannafæri atvinnu sem er til tálmunar fyrir umferðina. Sala hvers konar varnings utan sölubúða er bönnuð með þeim undanþágum sem taldar eru í þessari grein. Blöð, bæklinga, merki, happdrættismiða, dagskrár, aðgöngumiða o. þ. h. má selja á almannafæri. Þó getur lögreglustjóri bannað eða takmarkað slíka sölu ef ástæða þykir til. Lögreglustjóri getur veitt heimild til sölu varnings á tilgreindum svæðum utanhúss, til farandsölu og til starfrækslu á útimörkuðum að uppfylltum skilyrðum um verslunaratvinnu og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

## 14. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda má enginn láta fyrir berast á húsalóðum, húspökum, girðingum, í garðshliðum eða á öðrum stöðum þar sem inn er gengið í hús eða húsalóðir né heldur fara inn í hýbýli hans í söluerindum.

## 15. gr.

Í alfaraleið má ekki leggja eða setja neitt það sem tálmar umferð frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga og skal þess ætíð gætt að af því verði sem minnstur farartálmi.

Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa og ganga frá vettvangi.

Bifreiðar, vinnuvélar og reiðhjól mega ekki standa á akbrautum, torgum eða gangstéttum nema þar sem það er sérstaklega heimilað.

Á alfaravegi má ekki, nema leyfi lögreglustjóra komi til, vinna neina vinnu sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega.

## 16. gr.

Húsráðendur eða umráðamenn húseigna skulu hreinsa snjó og klaka af tilheyrandi gangstígum, stéttum og tröppum eins og kostur er svo og hreinsa snjó af húspökum og fjarlægja grýlukerti þannig að eigi stafi hætta af fyrir gangandi vegfarendur.

Húseigendum er skylt að hlýta fyrir mælum lögreglu um frágang girðinga og trjágróðurs þar sem svo háttar til að það tálmar útsýni við gatnamót.

## 17. gr.

Eigi má hengja sjálfsala, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar utan á hús ef það veldur óþægindum á almannafæri að dómi lögreglunnar.

Leyfi bygginganefndar og umferðarnefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaspjöld eða aðrar varanlegar auglýsingar á almannafæri eða ef þær sjást þaðan. Hæð undir

gluggaskýlur og auglýsingaspjöld, sem standa út frá húshlið fram yfir gangstétt, skal minnst vera 2.70m.

Uppfestar auglýsingar skal hlutaðeigandi taka niður þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Sé því eigi sinnt geta bæjaryfirvöld fjarlægð þær á kostnað auglýsenda.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

#### 18. gr.

Enginn má gera skurð í götur eða torg kaupstaðarins eða alfaravegi hvar sem er né raska þeim á neinn hátt nema hann hafi til þess leyfi löglegu og hlutaðeigandi yfirvalda, s. s. tæknideildar bæjarins, hitaveitu, rafveitu eða pósts og síma.

Skal verkið unnið svo skjótt sem kostur er og þannig að sem minnstur farartálmi sé að. Þá skal því, sem raskað var, aftur komið í samt lag og því haldið við í eitt ár.

Dragist frágangur úr hófi geta bæjaryfirvöld eða lögreglustjóri eða báðir aðilar í sameiningu látið ljúka verkinu og sett götur, torg og vegi í samt lag aftur á kostnað þess sem verkið átti að vinna. Til tryggingar því, að skilmálum ofangreinds leyfis verði fullnægt, geta bæjaryfirvöld krafist bankatryggingar.

Peir sem stjórna verki skulu ætíð gæta þess að skurðir séu afgirtir og að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálma með nægilega greinilegum skiltum, ljósum eða endurskinsmerkjum. Áður en skurðgröftur er hafinn á einkalóð er skylt að leita upplýsinga um legu jarðstrengja og jarðlagna hjá rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu og pósti og síma.

Að öðru leyti geta bæjaryfirvöld og lögreglustjóri gert ráðstafanir, er þurfa þykja, til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur.

#### 19. gr.

Þegar hús er byggt, því breytt eða það rífið að fengnu leyfi bygginganefndar og húsið eða einhver hluti þess liggur að almannaferi er eiganda þess eða verktaka skylt að skýra lögreglustjóra frá áður en verkið byrjar. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum sem lögreglustjórinn setur til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur.

Verkfæri og efni má ekki leggja frá sér á almannaferi nema þar sem lögreglustjóri leyfir og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur.

Mold, mól, grjót, byggingarefni og því um líkt, er af byggingunni stafar, er óheimilt að geyma á svæði sem er innan 15 m frá brunahana.

Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burt þegar að framkvæmd lokinni eða þegar lögreglan krefst þess.

#### 20. gr.

Nú er ástand húss eða mannvirkis, þ. á m. steinveggja eða annarra girðinga, svo hrörlegt að hætta er á að það hrynji eða hætta geti stafað af á annan hátt. Getur lögreglustjóri eða bæjaryfirvöld þá bannað notkun þess, gert eigendum að rífa það eða endurbæta svo sem þörf gerist innan tiltekins tíma. Að öðrum kosti mega bæjaryfirvöld láta vinna verkið á kostnað eiganda að undangenginni aðvörun.

#### 21. gr.

Vinnupalla sem valdið geta hættu fyrir umferð á gangstéttum eða götum, er einungis heimilt að reisa með leyfi lögreglustjóra, Slíkir vinnupallar skulu fjárlægðir innan tiltekins tíma eða þegar lögreglan krefst þess.

Lausir stigar, sem notaðir eru til viðgerða á húsum, við málun, gluggaþvott eða þ. h., skulu vera nægilega traustir. Við fjölfarnar götur skal vörður standa við stiga meðan á verki stendur. Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannaferi eftir að dimmt er orðið.

Við húsbýggingar og aðrar þess háttar framkvæmdir skal þess gætt að endi á steypustyrktarjárnin standi ekki upp í loftið þannig að börn eða aðrir geti hlotið skaða af. Beygja skal járnin niður eða byrgja.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirmælum lögreglunnar hér að lútandi eru á ábyrgð þess er verkið vinnur eða annast eða, ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanna.

### III. KAFLI

#### Um umferð bifreiða, bifhjól o. fl.

##### 22. gr.

Fasta afgreiðslu fólksflutningabifreiða, leigubifreiða og vöruflutningabifreiða má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað sem bæjarstjórn hefur samþykkt til slíkra afnota að fengnum tillögum lögreglustjóra.

Bæjarstjórn getur veitt leyfi í óákveðinn tíma eða tiltekinn tíma í senn, takmarkað það við tiltekinn fjölda bifreiða og yfirleitt bundið leyfi þeim skilyrðum er nauðsynleg eru að hennar dómi. Sé skilyrðum bæjarstjórnar fyrir slíku leyfi ekki fylgt eða ef ástæður breytast verulega að hennar dómi getur hún fellt leyfið úr gildi fyrirvaralaust.

Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum bæjarstjórnar, takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum ef slík umferð telst hættuleg eða er til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Einnig getur lögreglustjóri takmarkað bifreiðaferðir innanbæjar að næturlagi.

##### 23. gr.

Bifreiðastjórum er algjörlega bannað að nota flautur bifreiða sinna að ástæðulausu. Bifreiðastjórar skulu gæta þess að valda eigi hávaða á annan hátt, einkum að kvöld- og næturlagi. Þeim ber að sjá um að farþegar í bifreiðum þeirra fari eigi með neinum hávaða er valdi ónæði. Óheimilt er að haga akstri þannig, er ökutæki er tekið af stað eða för þess flýtt skyndilega, að af stafi óeðlilegur hávaði.

##### 24. gr.

Bannað er að leggja í íbúðarhverfum stórum vinnuvélum og vörubifreiðum, tankabifreiðum, sorpbifreiðum, sendiferða- eða fólksflutningabifreiðum sem eru 2½ tonn að eigin þyngd eða þyngri. Eigendum og umráðamönnum þessara tækja er skylt að nota sérstaklega merkt bílastæði sem ætluð eru stórum bifreiðum og vinnuvélum eða fara að öðru leyti eftir fyrirmælum lögreglunnar um geymslu þeirra.

Umferð ofangreindra bifreiða og vinnuvéla um íbúðarhverfi er óheimil nema í atvinnuskyni eða af öðrum brýnum ástæðum. Þó getur bæjarstjórn í samráði við lögreglustjóra veitt undanþágu frá þessum reglum ef talið er að slíkt leiði ekki til slysaheytu, ónæðis eða óþæginda fyrir bæjarbúa. Óheimilt er að láta aflvélar kyrrstæðra bifreiða eða vinnuvéla ganga að óþörfu svo komast megi hjá loftmengun á almannafæri eða þar sem ætla má að það valdi óþægindum. Notkun á vélsleðum og óyfirbyggðum vélknúnum smábílum er háð leyfi lögreglu. Ökutæki eða varning má ekki skilja eftir á vegum lengur en brýna nauðsyn ber til og aldrei á gangstéttum. Heimilt er lögreglustjóra að láta fjarlægja slíkt á kostnað eiganda. Bæjarstjórn getur ákveðið í samráði við lögreglustjóra hvar á vegum bifreiðar mega standa og getur sett reglur um notkun stöðureita og ákveðið gjald fyrir þær.

##### 25. gr.

Allur akstur á bifreiðum og bifhjólum er óheimill utan vega eða vegaslóða þar sem hætta er á spjöllum á gróðri eða náttúru.

Allur akstur bifhjóla er óheimill á leikvöngum, leikvöllum, í skrúðgörðum og á öðrum slíkum stöðum.

Bæjarstjórn getur bannað alla umferð vélknúinna ökutækja á tilteknum útivistarsvæðum.

Að öðru leyti gilda um umferð ákvæði umferðarlaga, þar á meðal ákvæði um hámarkshraða ökutækja.

#### IV. KAFLI

##### Um friðun almenningsigna.

26. gr.

Mannvirki og hluti, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða til þróði á almannafæri, má enginn skemma, lýta eða færa úr stað.

Enginn má skemma girðingar sem eru við almannafæri, klifra yfir þær eða upp um þær.

Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða hvort sem þeir eru girtir eða ógirtir.

27. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sér stað. Tré eða jurtir, sem gróðursett eru á grafreitum, má enginn rífa upp, færa burtu, spilla, eða saurga á nokkurn hátt. Skepnunum má eigi beita eða sleppa í kirkjugarðinum.

#### V. KAFLI

##### Um veitingastaði, samkomuhús, skemmtanir o. fl.

28. gr.

Leyfi lögreglustjóra þarf til að reka veitingasölu. Áður en lögreglustjóri veitir slíkt leyfi skal hann leita álits bæjarstjórnar og heilbrigðisnefndar. Leyfi lögreglustjóra þarf til hvers konar skemmtanahalds sem seldur er aðgangur að.

Lögreglustjóri getur bundið skemmtanaleyfi þeirri kvöð að lögreglumenn og eða slökkviliðsmenn verði á skemmtistað og haldi þeir uppi löggæslu og eftirliti á staðnum samkomutímamann og er leyfishafa skylt að hlýta fyrirmælum þeirra til að halda uppi góðri reglu, velsæmi og hreinlæti. Kostnað við löggæslu þessa greiði skemmtanahaldari að því leyti sem hann er ekki greiddur af almannafé skv. öðrum reglum. Sömu reglur gilda um almennar útisamkomur að svo miklu leyti sem því verður við komið.

29. gr.

Hverjum þeim sem hefur á hendi veitingasölu eða selur gistingu er skylt að gera það sem í hans valdi stendur til að halda uppi góðri reglu og velsæmi. Hann skal sjá um að fjöldi gesta takmarkist við leyfilegt hámark og að loftræsting og hreinlæti séu í góðu lagi.

30. gr.

Allir veitinga- og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 23:30—06:00 og allir gestir, sem eigi hafa þar gistingu, skulu hafa farið út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er ef þeir fá gistingu á veitingastaðnum eftir lokunartíma. Að fengnu leyfi lögreglustjóra er heimilt að halda samkvæmi, dansleiki eða aðrar skemmtanir fram yfir lokunartíma eða til kl. 01:00 en aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags til kl. 03:00.

Allir staðir, þar sem rekin er veitingasala, spilakassar, knattborð, leiktæki og því líkt og gististaðir fyrir almennung, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau sem notuð eru í sambandi við veitingar, rekstur spilakassa, knattborða og annarra leiktækja.

Á öllum gistihúsum skal halda nákvæma gestaskrá.

## 31. gr.

Kvikmyndahús má starfrækja í bænum að fengnu leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar með þeim skilyrðum sem bæjarstjórn setur um aðstöðu gesta og aðbúnað. Bæjarstjórn ákveður gjald er renni í bæjarsjóð fyrir leyfið annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu.

## 32. gr.

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki gegn borgun nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn bæjarstjórnar. Slíkt leyfi má einungis veita þeim sem hefur veitingaleyfi skv. l. nr. 53/1963. Leyfi skal ekki veitt lengur en til fjögurra ára í senn. Það skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til reksturs í því húsnæði er hann hefur þegar leyfið er veitt. Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Knattborð, spilakassa eða leiktæki má reka frá kl. 09:00—23:30. Þó getur lögreglustjóri heimilað rekstur þeirra meðan veitingastaðurinn er opinn. Þó skal vera lokað eftirtalda daga: föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag jóla, jóladag, gamlársdag og nýársdag. Börnum innan 15 ára aldurs er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum nema í fylgd með forráðamönnum. Miða skal aldur við fæðingarár en ekki fæðingardag.

## VI. KAFLI

## Um útvistartíma barna og unglunga o. fl.

## 33. gr.

Um útvistartíma barna skal fara eftir gildandi lögum og reglugerðum.

Hvers konar þjónusta við börn og ungmenni eftir löglegan útvistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess er þjónustuna veitir.

## 34. gr.

Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur að dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20:00, öðrum en sérstökum unglingskemmtunum sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði séu haldin að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

Eftir kl. 20:00 er ungmönnum yngri en 18 ára óheimill aðgangur og dvöl á veitingahúsum, sem hafa leyfi til vínveitinga, nema í fylgd með forráðamönnum. Veitingaleyfishafa er skylt að gæta þess, að ákvæði þetta sé haldið að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til vínveitinga til lengri eða skemmri tíma.

Peir sem hafa forsjá eða forráð barna og ungmenna skulu gæta þess að ákvæði þessarar greinar séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessum ákvæðum. Útdráttur úr ákvæði þessarar greinar skal hanga á áberandi stað í öllum skólum skyldunáms, almennum veitingahúsum og samkomustöðum í lögsagnarumdæminu og sér félagsmálaráð ásamt lögreglu um að þessu sé framfylgt.

Bannað er að unglingar innan 18 ára aldurs starfi á veitingahúsum og skemmtistöðum þar sem ætla má að siðferði þeirra sé sérstök hættu búin.

Þegar þannig stendur á getur lögreglustjóri sett til bráðabirgða strangari reglur um útvist barna allt að 16 ára aldri.

## 35. gr.

Óheimilt er að sýna opinberlega, stilla út í sýningarglugga eða á annan hátt að birta myndir sem að dómi félagsmálaráðs eru siðspillandi. Gildir þetta um ljósmyndir, veggau-

lýsingar eða kvikmyndir og getur lögreglustjóri eða félagsmálaráð bannað sýningu þeirra eða takmarkað aðgang við ákveðinn aldur. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um vernd barna og ungmenna eftir því sem við á.

## VII. KAFLI

### Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

#### 36. gr.

Á almannafæri, innan hafnarinnar og á fjörum má eigi kasta hræjum, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi né öðru slíku og ekki skilja neitt slíkt þar eftir. Eigi má heldur á þessum stöðum brjóta flöskur, fleygja eða skilja eftir grjót, mold, mól, sand, slor, ösku, járnarusl, víra, bréf, ávaxtahýði, úrgangssalt, múrbrot, spýtnabrak, bílhræ eða yfirleitt nokkuð það, þótt eigi sé hér með talið sérstaklega, sem valdið getur óheilnæmi, óþrifnaði, tálmunum eða óþrýði.

Aðeins er heimilt að henda mold, grjóti, sorpi og úrgangi á staði sem til þess eru ætlaðir og bæjaryfirvöld vísa á til þeirra nota.

Hvers kyns taka og tilfærsla jarðefna eða annað jarðrask, svo sem taka á grjóti eða sandi, er óheimil í bæjarlandinu nema með samþykki bæjaryfirvalda.

#### 37. gr.

Tunnur eða önnur ílát með sorpi, slori eða því um líku má ekki láta standa á almannafæri né heldur hafa nokkuð laust eða í ílátum sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Þeir sem flytja vörur, fisk, fiskúrgang og annað um götur bæjarins skulu gæta þess vandlega að flutningstæki séu þannig gerð og hleðslu þannig háttáð að ekki valdi óþrifnaði.

Fokgjörn efni má aðeins flytja um götur bæjarins í lokuðum vögnum, vel þéttum.

Ef einhvað losnar af við flutninginn, fermingu eða affermingu skal sá er flytur skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

Pallbifreiðar skulu þannig útbúnar að auk skjólbörða sé traustur gafl eða vör á enda pallsins þegar flutt eru efni eða varningur sem hætt er við að hrynji úr.

#### 38. gr.

Eigendur verslana og söluturna skulu annast hreinsun á öllu rusli, sem hlýst af rekstrinum, a. m. k. daglega. Þeir skulu koma upp sorpkössum og tæma þá. Þeir skulu ganga tryggilega frá sorpgeymslum og hreinsa upp allt rusl sem berast kann út á aðliggjandi götur, torg eða lóðir.

#### 39. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningastaði sína og tjaldstæði eða þar sem þeir koma saman á víðavangi hvar sem er innan bæjarlandsins. Ber að hreinsa vandlega slíka staði af öllu rusli áður en staður er yfirgefinn og grafa ruslið vandlega niður eða flytja það burt. Bannað er að eyða eða spilla gróðri á slíkum stöðum.

Óheimilt er að kveikja elda eða brenna rusli eða sorpi innan bæjarins nema með leyfi lögreglustjóra.

#### 40. gr.

Flöskur má aldrei brjóta á almannafæri eða á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri á víðavangi. Óheimilt er að brenna sinu nema með leyfi lögreglustjóra og skal leyfið aðeins veitt á tímabilinu frá 1. des. til 1. maí.



## 41. gr.

Bannað er að setja upp girðingar sem geta valdið vegfarendum hættu eða óþægindum, t. d. úr gaddavír eða öðrum slíkum efnum. Skylt er húseigendum að halda vel við girðingum umhverfis lóðir sínar og sjá um að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð í kringum hús þeirra. Enginn má fleygja sorpi né öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða stuðla að því að slíkt berist inn á lóðina. Hver sem gerist sekur um slíkt skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því að óhreinindi berist út af lóð hans.

Eiganda eða umráðamanni húss eða mannvirkis er skylt að halda eigninni vel við, hreinni og snyrtilegri svo og tilheyrandi lóð og girðingum. Óheimilt er að geyma hvers kyns drasl, ógangfærar bifreiðar, bílhæ eða þ. u. l. á lóðum þannig að það snúi að almannafæri.

Óheimilt er að geyma hjólhýsi, báta eða óskrasettar bifreiðar eða önnur ökutæki á bifreiðastæðum bæjarins, við götur eða á almannafæri. Lögreglu eða bæjaryfirvöldum er heimilt að fjarlægja slíka hluti á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni almennri áskorun sem birt er í bæjar- eða dagblöðum eða sérstakri áskorun sé vitneskja um eiganda.

Þó skulu bæjaryfirvöld bera ábyrgð á vörslu á ofangreindum tækjum og eignum í allt að 7 daga. Tilkynna skal eiganda um töku eignanna og vörslustað og skal hann vitja þeirra innan framangreinds tíma. Ella er bæjaryfirvöldum heimilt að selja ofangreindar eignir fyrir kostnaði eða farga þeim.

Að undangenginni almennri auglýsingu bæjaryfirvalda er heimilt að hreinsa lóðir á kostnað eiganda eða umráðamanns. Hreinsunardeild bæjarins er heimilt að halda hlutum, sem fjarlægðir voru, til tryggingar því að hreinsunarkostnaður á lóðinni verði greiddur.

Bæjarsjóður ber ekki ábyrgð á tjóni sem verður á hlut við framangreinda hreinsun.

Auk ákvæða þessa kafla gilda ákvæði heilbrigðisreglugerðar eftir því sem við á.

## VIII. KAFLI

## Um hundahald.

## 42. gr.

Hundahald er bannað í kaupstaðnum nema með leyfi bæjarstjórnar.

## 43. gr.

Þeir hundar, sem ekki er leyfi til að halda, skulu teknir og færðir í sérstaka hundageymslu á vegum bæjarins. Þar skulu hundarnir geymdir í allt að tvo sólarhringa, meðan eigendum gefst kostur á að koma þeim fyrir til frambúðar utan marka kaupstaðarins. Kostnaður við töku og geymslu hundanna skal að fullu greiddur af eigendum.

Hirði eigendur óleyfilegra hunda ekki um að koma þeim í vörslu utan kaupstaðarins innan tveggja sólarhringa frá því að þeir voru teknir, né greiði af þeim áfallinn kostnað, skulu hundarnir aflifaðir.

## 44. gr.

Hunda, sem ráðast á menn og skepnur, skal fjarlægja þegar í stað. Lögreglustjóri, tekur ákvörðun um hvernig með skuli fara og má hann ákveða afturköllun leyfis eða aflifun hunds.

## IX. KAFLI

## Um búfjárhald og fleira.

## 45. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, geita, loðdýra og alifugla) er bannað í kaupstaðnum nema með leyfi bæjarstjórnar.

## 46. gr.

Ef búfé gengur laust í kaupstaðnum, skal lögregla hlutast til um það með tilstyrk bæjarstjórnar, að það sé handsamað og fært til geymslu á vegum bæjarins. Sé búfénaðurinn ekki leystur út innan viku gegn greiðslu kostnaðar og bóta vegna tjóns, sem hann kann að hafa valdið, skal hann seldur á opinberu uppboði eða honum slátrað. Allan kostnað af þessum aðgerðum skulu búfjáreigendur greiða. Jafnframt skulu þeir eða umráðamenn ágangsfénaðar sæta sektum, ef rekja má ágang búfjár til vanrækslu þeirra.

## 47. gr.

Sé búfé haldið án heimildar skal búfjáreigandi sviptur vörslum þess og það selt á opinberu uppboði eða því slátrað. Allan kostnað, sem af þessu hlýst, skulu búfjáreigendur greiða.

## 48. gr.

Alla flækingsketti, sem enginn eigandi finnst að, er lögreglu heimilt að aflífa.

## X. KAFLI

**Um staðgildi samþykktarinnar, gildistöku, hegningarákvæði, kostnað o. fl.**

## 49. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar.

## 50. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Mál sem rísa út af brotum á samþykkt þessari skulu sæta meðferð opinberra mála og skulu sektir renna í rikissjóð. Hagnað af broti, sem enginn á löglegt tilkall til, má gera upptækan í rikissjóð.

## 51. gr.

Ef einhver lætur það ógert sem skylda hans er að framkvæma skv. samþykktinni má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni.

Kostnaður við þetta og kostnaður sem leiðir af þeim ráðstöfunum sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn samþykktinni greiðist af brotamanninum eða ef hann er eigi um það fær úr rikissjóði.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraness hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 13. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Akraneskaupstað, nr. 57 21. mars 1963.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. desember 1984.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*